



# Ytra mat

## Grunnskólinn á Helli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Rangárþing ytra.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Birna Sigurjónsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2017.

ISBN 978-9979-0-2118-6

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Stjórnun . . . . .	5
Nám og kennsla . . . . .	5
Innra mat . . . . .	6
Skólabragur . . . . .	6
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Grunnskólinn Hellu . . . . .	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	8
Stefna skólans . . . . .	9
Starfsmenn . . . . .	10
Nemendur . . . . .	10
Árangur náms . . . . .	10
Starfstími. . . . .	13
Sérfræðipjónusta . . . . .	13
Niðurstöður . . . . .	14
Svið I – Stjórnun. . . . .	14
Fagleg forysta . . . . .	14
Stefnumótun og skipulag . . . . .	16
Samskipti heimila og skóla . . . . .	18
Svið II – Nám og kennsla . . . . .	20
Nám og námsaðstæður . . . . .	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda. . . . .	23
Námsaðlögun . . . . .	24
Svið III – Innra mat . . . . .	26
Framkvæmd innra mats. . . . .	26
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	27
Svið IV – Skólabragur . . . . .	28
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	30
Frekari greining . . . . .	33
Greining kennslustunda. . . . .	34
Heimildir. . . . .	38



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum Hellu sem fór fram á vorönn 2017. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

### Stjórnun

Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans sem birtist á heimasíðu. Almenn t einkennast samskipti af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Formlegir fundir eru í viku hverri, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og auka þannig sífellt gæði náms og kennslu. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla fer m.a. í gegnum Mentor og æskilegt væri að kennarar samræmdu þar hvað og hversu mikið er skráð.

Skólanámskráin uppfyllir að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um, hún er endurskoðuð reglulega með aðkomu starfsfólks og samráð haft við skólaráð. Skólanámskráin endurspeglar bæði áherslur skólans og skólustefnu sveitarfélagsins.

Skráð er hvaða kannanir og skimanir eru nýttar til að finna þá nemendur sem þurfa sértæka aðstoð í námi. Skólaráð er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans en æskilegt væri að það setti sér vinnureglur. Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.

Vinna þarf að heildstæðri starfsáætlun sem lögð er fyrir skólaráð og skólanefnd og birt á heimasíðu. Endurskoða þarf almennar skólareglur í samvinnu við alla hagsmunaaðila. Góðar áætlanir eru til um móttöku nýrra nemenda og nemenda með annað tungumál en íslensku en gera þarf áætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir. Leita þarf allra leiða til að hafa faglærða kennara í sérkennslu og vinna árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.

Á unglingsstigi er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar en auka þarf vægi þeirra sbr. aðalnámskrá grunnskóla þannig að þær nái yfir um 20% af námstíma nemenda.

### Nám og kennsla

Skólastarfið byggir á lýðræðislegum gildum og mannréttindi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi. Almennur hluti skólanámskrár uppfyllir að mestu þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla en skýra þarf hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt nám. Námsáætlanir fyrir alla árganga og námsgreinar eru birtar á heimasíðu en kynna þarf þær betur fyrir nemendum og foreldrum þannig að þeir geti fylgst með framvindu námsins. Einnig þarf að skýra hvernig námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum námsgreina.

Umhverfi er almennt hvetjandi til náms og útikennsla er fastur liður á stundaskrá nemenda. Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og einstaklingsmiðun er mikil í fámennum bekkjardeildum. Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og þekkja styrkleika sína en æskilegt er að nemendur fái st í auknum mæli við verkefni sem reyna á lausnaleit og rökhugsun og nýti enn frekar upplýsingatækni í námi. Leita þarf allra leiða til að bæta árangur nemenda á samræmdum prófum.

Félagslíf er fjölbreytt að mati nemenda í unglingsdeild. Bæjarhellan er árlegt samfélagsverkefni þar sem nemendur vinna að ýmiss konar framleiðslu og mikið samstarf er við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru fullgildir þátttakendur þar en kjósa þarf nemendur í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára eins og reglugerð kveður á um.

Samskipti í skólanum eru jákvæð. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum. Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendum af erlendum uppruna og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi og pólskir og tælenskir nemendur njóta kennslu í móðurmáli sínu. Stuðningur er veittur sem mest inni í bekk og mikill stuðningur í lestri í yngri bekkjum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa, þær eru ítarlegar og taka til allra námsgreina.

## Innra mat

Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir svo og áætlun um innra mat á yfirstandandi ári. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna. Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun, skipulag og framkvæmd innra mats ásamt innramatsteymi.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans og þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið. Umbótaáætlun er birt í skýrslu um innra mat liðins árs og er öllum hagsmunaaðilum aðgengileg og er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Mat á námi og framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

Huga þarf að því að langtímaáætlun endurspegli að allir helstu þættir skólanámskrár séu metnir og skilgreina í innramats áætlun hverjir eru ábyrgðaraðilar hvers verkefnis og tilgreina viðmið þar sem það á við. Æskilegt er að setja umbótaáætlun fram í sérstöku riti, hún tímasett, með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og hvenær meta á árangur aðgerða. Huga þarf að því að í matsteymi sitji fulltrúar allra hagsmunaaðila þ.m.t. foreldrar og nemendur.

## Skólabragur

Í stefnu sveitarfélagsins og í stefnu skólans kemur fram áhersla á jákvætt andrúmsloft og góða líðan nemenda. Æskilegt er að í skólanámskrá komi skýrt fram hvaða leiðir eru notaðar til að innleiða og viðhalda góðum skólabrag. Endurskoða þarf skólareglur í ljósi nýrrar reglugerðar.

Nemendum líður almennt vel í skólanum það er „góður andi og góður mórall“, en gæta þarf að samskiptum og líðan í einstökum árgöngum miðað við niðurstöður kannana. Nemendafélag þarf að ná einnig til nemenda á miðstigi og félagsstarf fyrir þá skipulagt í skólanum.

Gott aðgengi er að skólastjórnendum og þeir leggja sig fram um að hafa góðan skólabrag og viðhorf skólasamfélagsins eru almennt jákvæð gagnvart skólanum. Skólinn er Grænfánaskóli og umhverfisnefnd er skipuð nemendum úr öllum bekkjardeildum. Í jafnréttis- og mannréttindaáætlun er meðal markmiða að gæta jafnréttis í starfi skólans.

Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því þegar einelti kemur upp og allir nemendur skrifa undir „eineltisský“, þar sem þeir staðfesta að einelti sé ekki liðið í skólanum. Mikilvægt er að halda vöku sinni og bregðast við ef einelti kemur upp.

## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Grunnskólanum Hellu. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Birnu Sigurjónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 6.–8. febrúar 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Grunnskólanum Hellu voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var ekki gert. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007–2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi. Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra könnunarprófa og framfarastuðull frá undanförunum árum. Engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fyrir vettvangsheimsókn voru sendar kynningar á matinu, glærur með tali, þar sem forsendur matsins voru kynntar sem og framkvæmdin. Þær kynningar voru sendar skólastjóra til kynningar fyrir starfsfólk svo og til skólaskrifstofu og sveitarstjóra. Vettvangsathuganir voru hjá rúmlega 90% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 4.–10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann og aðstoðarskólastjórann. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í þrjú daga, þ.e. 6.–8. febrúar 2017. Farið var í 22 kennslustundir hjá 15 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, jóga, samfélagsfræði, umhverfismennt/útvíst, smíði, íþróttum, textíl og tónlist. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu nánast 100% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Grunnskólinn Hellu

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Heimavistarskóli var á Strönd á Rangárvöllum frá 1933–1970 en skólahald hófst í þorpinu á Hellu 1958 og þá fækkað börnum á Strönd uns ákveðið var að leggja Strönd niður og keyra nemendur úr sveitinni á Hellu. Skólinn á Hellu var síðan starfræktur á nokkrum stöðum allt til 1962 þegar byggingu skólahúss lauk. Unglingaálma var síðan byggð 1969 og þá komu unglingar úr Þykkvabæ í skólann.

Rangárþing ytra varð til sem sveitarfélag árið 2002 við sameiningu Rangárvallahrepps, Holta- og Land-sveitar og Djúpárhrepps. Þá voru þrjú skólar í sveitarfélaginu: Grunnskólinn á Hellu, Laugalandsskóli og Þykkvabæjarskóli. Kennslu var hætt í Þykkvabæ ári síðar.

Skólahverfi Grunnskólans á Hellu nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri Rangá í vestri. Auk þess teljast Þykkvibær og bæirnir í Bjóluhverfi og á Ægissíðu til skólahverfisins.

Byggðasamlagið Oddi bs. annast rekstur Grunnskólans á Hellu frá 1. janúar 2016 en að því byggðasamlagi standa Rangárþing ytra og Ásahreppur. Sama byggðasamlag annast einnig rekstur Laugalandsskóla og leikskólanna í sveitarfélaginu.

Á vegum skólans er starfrækt skóladagheimili, sem er fyrir börn úr 1.–4. bekk. *Á skóladagheimilinu fá börnin tækifæri til að leika sér og njóta samveru í vernduðu og skipandi umhverfi*, segir í skólanámskránni. Starfsemi skóladagheimilisins byggist á þeirri uppeldislegu stefnu sem skólinn hefur sett sér.

Nemendaráð er starfandi við skólann og mótar félagslíf vetrarins í samráði við umsjónarkennara ráðsins og skólastjóra. Félagslífið mótast fyrst og fremst af gildandi hefðum og hugmyndum nemenda. Nemendaráð er skipað átta nemendum þ.e. þrjú eru úr 10. bekk, tveir úr 9. bekk og tveir úr 8. bekk.

Börn í elsta árgangi Leikskólans Heklukots koma mánaðarlega í Grunnskólann á Hellu frá nóvember fram í maí. Einnig er leitast við að hafa samstarf við þær fjölskyldur innan skólahverfisins, sem ekki eru með börn sín í leikskólanum.

Bókasafnið í Grunnskólanum á Hellu er starfrækt sem skólabókasafn og jafnframt sem almenningsbókasafn.



Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2015–2016 kemur fram að samvinna við grenndarsamfélagið sé mikilvægur þáttur skólastarfsins. Þar er nefnt samstarfsverkefni með Leikskólanum Heklukoti og Ungmennafélagið Hekla. Eitt af slíkum verkefnum við ytri aðila er Bæjarhellan, árvísið verkefni unnið í skólanum sem er liður í því að efla tengsl við grenndarsamfélagið og leitað er til íbúa svæðisins varðandi efni og vinnslu.

Samstarf er við Tónlistarskóla Rangæinga sem felst m.a. í því að nemendur í 2. og 3. bekk fá kennslu á blokkflautu sem kennarar Tónlistaskólans sjá um auk þess sem nemendur í 4. bekk geta valið að læra á hljóðfæri. Tengsl við framhaldsskóla eru á þann hátt að nemendur fá kynningu á Fjölbrotaskóla Suðurlands og Menntaskólanum á Laugarvatni, með gagnkvæmum heimsóknnum.

## Stefna skólans

Skólinn hefur sett sér ákveðin einkunnarorð, *virðing, vinátta, víðsýni* sem sjá má á heimasíðu skólans, þau eru hluti af merki skólans en ekki er nánar fjallað beint um þau heldur er rætt í skólanámskránni um sameiginleg gildi skólans. Þar eru leiðarljós skólans tölusett í 18 liðum og þar segir meðal annars að markmið með þeim sé að:

- skapa jákvætt andrúmsloft og stuðla að vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- allir nemendur finni í skólanum öryggi og væntumþykju, sem byggist á sjálfsvirðingu, jafnrétti og kristilegu siðgæði.
- nemendur öðlist færni í mannlegum samskiptum svo sem tillitssemi, umburðarlyndi og sýni gagnkvæma virðingu.
- nemendur verði ábyrgir með heilbrigðan metnað og tilbúnir að takast á við hið óþekkt.
- skapa hvetjandi og uppörvandi námsumhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstætt eða með öðrum ...

Auk þess er rætt um framsetningu kennslu, námstækni, samstarf við heimili og yfirvöld, öryggi vinnustaðar og fleira. Byggðasamlagið Oddi bs. hefur gefið út skólastefnu fyrir grunn- og leikskóla í Rangárþingi ytra og Ásahreppi sem skólinn starfar einnig eftir. Þar segir m.a. í markmiðum um nám og kennslu: *Að nemendum líði vel í skólunum, þeir gangi glaðir til verka og námið leiði til aukinnar færni, víðsýni, sjálfsvirðingar og umburðarlyndis.*

Upphaf Grænánaverkefnis Grunnskólans á Hellu var hausið 2008 þegar skólinn var skráður sem *Skóli á grænni grein*. Skólinn hefur fengið fánann afhentan fjórum sinnum síðan, síðast vorið 2016. Mikil áhersla er á umhverfisfræðslu og útivist og hafa nemendur í 1.–7. bekk tvo tíma á viku í þau fög auk þess sem nemendum á unglingsstigi er boðið upp á valgrein; útivistarval.

Starfsmannastefna er á heimasíðu skólans sem Rangárþing ytra hefur samþykkt, sveitarfélagið hefur einnig sett jafnréttisáætlun fyrir alla starfsemi sveitarfélags. Út frá henni hefur Grunnskólinn á Hellu sett sér sjálfur framkvæmdaáætlun jafnréttis- og mannréttindamála. Þar segir m.a. að í allri starfsemi skólans sé leitast við að hafa **jafnrétti kynjanna** að leiðarljósi, hvort heldur sem nemendur séu í leik eða starfi. Fræðsla um jafnréttismál er látin samtvinnast námsefni nemendanna með einum eða öðrum hætti

Í umfjöllun um stefnu Grunnskólans á Hellu er stefna varðandi læsi. Þar eru m.a. viðmið um lestur nemenda á öllum aldri.

Fjöldi tvítyngdra nemenda er allnokkur eða um fjórðungur af nemendum skólans. Á heimasíðu er fjallað um áherslu á gagnvirka aðlögun íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna með því að þeir vinni saman að ólíkum viðfangsefnum og miðli ólíkri reyngu sinni og þekkingu.

Í þróunar- og nýbreytnistörfum hefur áherslan síðustu misseri verið á lestur í öllum bekkjum. Þá er umhverfisstefnan alltaf í þróun og verkefni í útivist m.a. verkefni með Landvernd og Landgræðslu ríkisins þar sem markmiðið er að græða upp örfoka land.

## Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 31. Stjórnendur eru 3, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri. Við skólann starfa 15 kennarar (í 13,7 stöðugildum). Ef tekin eru með stöðugildi stjórnenda sem kenna talsvert verða þau 15, 7 stöðugildi, þar af eru leiðbeinendur í 3,6 stöðugildum. Þrír af leiðbeinendum fjórum eru að ljúka mastersnámi til kennsluréttinda og sá fjórði sem kennir ensku er með kennslureynslu frá Brasilíu. Enginn sérkennari er starfandi við skólann þetta skólaár, sá sem starfaði áður er í ársleyfi. Aðrir sérfræðingar eru þroskaþjálfari í 100% stöðugildi (starfar einnig sem leiðbeinandi), námsráðgjafi er í u.þ.b. 20% stöðu við skólann en starfar hjá Skólaþjónustu sveitarfélagsins. Annað starfsfólk er því 13 í 11 stöðugildum.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 19% af starfsmönnum skólans og stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Sérhæfing kennara nýtist vel en skortur er á kennurum með sérhæfingu í nokkrum greinum svo sem tónlist.

## Nemendur

Í Grunnskólanum Hellu eru 125 nemendur á vorönn 2017. Meðalstærð bekkja er því 12,5. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	15	9	6	9	13	12	17	17	15	12
Bekkjadeildir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er ca. 16%. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku er ca. 30% og 34% þeirra eru í sérkennslu (aðstoð inni í bekk og/eða tímar í misstórum hópum). Einn nemandi stundar nám á öðru skólastigi á þessari önn.

## Árangur náms

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

**Samantekt á niðurstöðum 2012–2016**

Þátttökufjöldi í árgangi:

Íslenska	2012	2013	2014	2015	2016	
4. bekkur	23	15	12	13	9	nemendur
7. bekkur	17	10	15	14	16	nemendur
10. bekkur	11	10	14	12		nemendur
<b>Stærðfræði</b>						
4. bekkur	22	14	13	13	9	nemendur
7. bekkur	15	11	16	15	16	nemendur
10. bekkur	11	9	13	13		nemendur
<b>Enska</b>						
10. bekkur	11	10	14	13		nemendur

Þessar tölur um fjölda nemenda koma fram í gögnum sem skólinn sendi Námsmatsstofnun, nú Menntamálastofnun, við töku prófanna. Samræmd könnunarpróf 10. bekkjar eru nú á vorönn 2017.

**4. bekkur**

Yfirleitt hefur árangur nemenda í 4. bekk verið kringum landsmeðaltal sem er 30. Athygli vekur að þetta skólaár fellur árangur mikið í stærðfræði.

**7. bekkur**



Frammistaða nemenda í 7. bekk sveiflast verulega milli ára. Samantekin niðurstaða 2012–2016 gefur til kynna að frammistöðu hraki.

**10. bekkur**

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk eru nú að vori 2017. Frammistaða nemenda í 10. bekk hefur batnað verulega í stærðfræði, einnig í ensku frá 2012 og er um landsmeðaltal 2015, en aðeins dalaði árangurinn í íslensku 2015.

Samantekin niðurstaða 2012–2015 gefur til kynna að frammistaða fari aðeins batnandi.

**Framfarir milli 4., 7. og 10. bekkjar**



**Hlutfallsleg dreifing hæfnieinkunna nemenda 10. bekkjar Grsk. Hellu 2015:**

		A	B+	B	C+	C	D
Ísl	Landið allt	7,8	5,1	45,4	9,8	24,0	7,9
	Suðurland	4,5	2,7	41,4	9,6	29,7	12
	<b>Grsk. Hellu</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>46,1</b>	<b>7,7</b>	<b>38,5</b>	<b>7,7</b>
Stæ	Landið allt	7,2	5,9	45,1	8,4	21,4	11,9
	Suðurland	4,9	3,2	37,4	8,8	28	17,6
	<b>Grsk. Hellu</b>	<b>7,1</b>	<b>14,3</b>	<b>50</b>	<b>7,1</b>	<b>14,3</b>	<b>7,1</b>
Enska	Landið allt	8,1	6,3	48,6	7,4	20,4	9,2
	Suðurland	3,9	6	41,6	9,6	25,4	13,8
	<b>Grsk. Hellu</b>	<b>7,1</b>	<b>14,3</b>	<b>28,6</b>	<b>14,3</b>	<b>28,6</b>	<b>7,1</b>

Hlutfallslega eru fleiri nemendur með A og B+ í stærðfræði og ensku en gerist á Suðurlandi og á landsvísu. Engir nemendur 10. bekkjar eru í efstu tveimur hæfniflokkum A og B+ í íslensku.

**Starfstími**

Samkvæmt skóladagatali 2016–2017 er árlegur skólatími 180 dagar. Á því sjást þó aðeins 178 dagar. Skýring er gefin á tveimur dögum til viðbótar sem eru svokallaðir „tvöfaldir dagar“ sem þýðir að þá daga er skólatími nemenda tvöfaldur, annars vegar hefðbundinn kennsludagur og hins vegar viðburður seinni hluta dags/kvöld. Þarna er um að ræða jólaskemmtun og svo árshátíð. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og fræðslunefnd til eins árs í senn.

Forfallastundir á haustönn 2016 voru samtals 332. Á yngri stigum vinna nemendur þá undir eftirliti kennara og í sumum tilfellum stuðningsfulltrúa en eldrideildar nemendur eru látnir vinna sjálfstætt (undir eftirliti) samkvæmt áætlun kennara.

**Sérfræðiþjónusta**

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

## Niðurstöður

### Svið I – Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Í Grunnskólanum Hellu eru þrír stjórnendur; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri og kennsluskylda er hluti af störfum allra. Auk þess eru stigstjórar sem halda utan um fagleg málefni stiganna og stjórna fundum um þeirra málefni.

### Fagleg forysta

#### *Stjórnandinn sem leiðtogi*

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og kom fram hjá viðmælendum í rýnihópum að þeir eru mjög „sýnilegir“ í starfinu og auðvelt að ná til þeirra. Stefna skólans t.d. hvað varðar umhverfismál og áherslu á læsi er skýrt sett fram og birt á heimasíðu. Einkunnarorð skólans, virðing, vinátta, víðsýni, koma fram í merki skólans og eru þannig á veggjum á göngum en um þau er ekki fjallað sérstaklega í skólanámskrá. Það kom fram í viðtölum að um þau er rætt t.d. á skólasetningum og einstök verkefni, einkum á yngsta stigi, fjalla sérstaklega um gildi þeirra. Allir hagsmunaaðilar þekkja einkunnarorðin og stefnu skólans almennt.

Stjórnendur stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsmanna og nemenda um stefnu og starfshætti og leggja áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur. Stjórnendur líta við í kennslustofum og fylgjast þannig óformlega með kennslu en ekki er um reglulega endurgjöf að ræða til allra kennara.

#### Styrkleikar

- Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu.
- Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans og einkunnarorð hans.
- Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu.

#### Tækifæri til umbóta

- Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Gera grein fyrir gildi einkunnarorða skólans í skólanámskrá og gera þau sýnilegri í kennslustofum.

#### *Stjórnun stofnunar*

Starfslýsingar allra starfsmanna koma fram í starfsmannahandbók. Þar kemur m.a. fram hvernig stjórnendur skipta með sér verkum. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu en vegna fárra bekkjardeilda verða kennarar margir hverjir að sinna margvíslegum námsgreinum.

Í rýnihópum kom fram að starfsmenn fá endurgjöf fyrir vel unnin störf og starfsþróunarsamtöl eru regluleg. Þó ekki sé til sérstök móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er rætt um móttöku nýrra starfsmanna í starfsmannahandbók þar sem m.a kemur fram að nýjum starfsmönnum er valinn leiðsögu- starfsmaður sem síðan er helsti tengill starfsmanns á meðan aðlögun á sér stað.

Ekki liggja fyrir hjá skólanum, eða sveitarfélagi, verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum en í viðtölum kom fram að slíkum málum er vísað til trúnaðarmanna og svo yfirvalda. Allir starfsmenn skólans undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu en það nær ekki til verktaka sem koma tímabundið í skólann.

Reglur um upplýsingagjöf um nemendur eru ekki skráðar né verklagsreglur um skjalastjórnun en trúnaðargögn geymd í læstum hirslum og unnið skv. almennum reglum um upplýsingagjöf. Öll skjöl sl. áratuga eru geymd í skólanum og m.a. afrit af öllum vitnisburði í Mentor.

### Styrkleikar

- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir þ.m.t. verkaskipting stjórnenda.
- Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Skipurit liggur fyrir sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.

### Tækifæri til umbóta

- Skrá reglur um upplýsingagjöf sem varðar nemendur.
- Skrá verklagsreglur um skjalastjórnun.
- Huga að því að verktakar sem koma til starfa í skólanum undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu

### *Faglegt samstarf*

Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Formlega samstarfið fer t.d. fram á stigsfundum sem haldnir eru hálfmánaðarlega.

Í rýnihópum kom fram að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum en í stefnu skólans er ekki fjallað beint um lýðræði. Í skólastefnu byggðasamlagsins Odda bs. er þó rætt um að rammi skólastefnunnar skuli endurspeglar grunnþætti menntunar svo sem lýðræði og þar er einnig minnst á nemendalýðræði.

Formlegir starfsmannafundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar. Samskipti við leikskólann Heklukot eru skráð og virk auk þess sem samstarf er einnig við aðra nemendur sem eiga að hefja grunnskólanám að ári þó þeir gangi ekki í leikskóla. Nemendur fá kynningu á Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum á Laugarvatni og fara í heimsóknir til þeirra auk þess sem námsráðgjafi kynnir aðra skóla en ekki er skráð í skólanámskrá hvernig samskiptum við framhaldsskóla er hagað.

Eftir að byggðasamlagið Oddi bs. hóf störf hefur verið lögð áhersla á að efla samskipti milli skóla í sveitarfélögunum tveimur, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Farið hefur verið í ferðir með nemendur og haldnir íþróttadagar o.fl. til að sameina hópinn.

### Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um samskipti leik- og grunnskóla.
- Almennt einkennast samskipti af jákvæðni og gagnkvæmu trausti.
- Formlegir fundir eru í viku hverri, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.

### Tækifæri til umbóta

- Fjalla um samskipti milli grunn- og framhaldsskóla í skólanámskrá.
- Skrá hvernig grunnþættir menntunar, svo sem lýðræði, fléttast í allt starf skólans.

### Skólaþróun

Þróunar- og umbótaáætlun skólans liggur fyrir, hún byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og innra og ytra mati á starfinu.

Í símenntunarstefnu skólans sem er á heimasíðu, er fjallað almennt um símenntun kennara og annars starfsfólks og tekið fram að skólinn sé aðili að símenntunaráætlun Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sem skipuleggur og gefur út áætlanir á hverri önn. Þar kemur einnig fram að skylt er að taka a.m.k. þátt í einu námskeiði á ári en ekki er um beina símenntunaráætlun að ræða með tímasettum námskeiðum og fræðslufundum yfir skólaárið af hálfu skólans. Í slíkri áætlun kæmi þá fram áhersla skólans og hún væri byggð á stefnu hans og sjálfsmatsáætlun.

Í viðtölum kom fram að kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

### Styrkleikar

- Þróunar- og umbótaáætlun byggir á stefnu skólans.
- Í símenntunaráætlun er fjallað um tvo meginþætti; það sem er nauðsynlegt fyrir skólann og hins vegar fyrir einstaklinga að styrkja sig í starfi.
- Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

### Tækifæri til umbóta

- Gera árlega tímasetta símenntunaráætlun þar sem koma fram áherslur skólans, ábyrgðaraðilar hvers þáttar og fyrir hverja fræðslan er.

## Stefnumótun og skipulag

### Starfsáætlun og skólanámskrá

Á heimasíðu skólans er skólanámskráin og þar er að finna nánast alla þætti sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Þó vantar þar umfjöllun um grunnþætti menntunar og hvernig þeir tengjast starfinu í skólanum. Skólanámskráin endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins þ.e. skólastefnu byggðasamlagsins Odda bs.

Ekki er til starfsáætlun skólans í heild en á heimasíðu má finna flesta þá þætti sem tilheyra henni skv. aðalnámskrá grunnskóla. Kaflar sem tilheyra skólanámskrá og starfsáætlun eru endurskoðaðir árlega með þátttöku starfsfólks skólans.

Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma.

### Styrkleikar

- Skólanámskráin uppfyllir að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð.
- Skólanámskráin endurspeglar áherslur skólans og skólastefnu sveitarfélagsins.



### Tækifæri til umbóta

- Vinna að heildstæðri starfsáætlun sem síðan er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla nemenda er samfelld með eðlilegum hléum miðað við aldur og þroska nemenda.

Námssgreinar eru samþættar að einhverju leyti á öllum stigum þar má nefna útivist sem tengist mörgum fögum, á yngsta stigi er samþætting í samfélagsfræði, íslensku og náttúrfræði. Á unglingsstigi samþættist enskan m.a. við íslensku og upplýsingamennt. Á yngsta stigi eiga nemendahópar (allt stigið) sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.

Miðað við skólastærð eru valgreinar á unglingsstigi nokkuð fjölbreyttar en hluti af því – tvær stundir af sex á viku – er bundið val og því ekki hægt að segja að nemendur fái tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði sínu í fjórðungi stunda eins og aðalnámskrá kveður á um.

### Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Námsgreinar eru samþættar að einhverju marki á öllum stigum til að gera nám nemenda heildstæðara.
- Á yngsta stigi eiga nemendur sameiginlega tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.

### Tækifæri til umbóta

- Auka vægi valgreina á unglingsstigi sbr. aðalnámskrá grunnskóla.

### Verklagsreglur og áætlanir

Hjá viðmælendum kom fram að ýmsar leiðir eru farnar til að viðhalda góðum starfsanda. Skólastjórnendur leggja áherslu á góða líðan starfsmanna sem skilar sér síðan til nemenda. Nemendur ræddu um að „allir væru jafnir“ og þess gætt að enginn væri útundan eða eins og nemendur orðuðu það „það á að leyfa öllum að vera með, að enginn sé einn og öllum gefinn séns...“ Á heimasíðu er fjallað um leiðarljós skólans og þar er m.a. rætt um að skapa jákvætt andrúmlöft og stuðla að vellíðan allra en í skólanámskrá er hins vegar ekki fjallað beint um hvað felst í jákvæðum skólabrag.

Nokkrir kennarar hafa sótt námskeið í ART (Aggression Replacement Training) og nýta þá þekkingu í sínu starfi þar sem nemendum eru kennd jákvæð samskipti í daglega lífinu og unnið kerfisbundið með tiltekin atriði.

Skólareglur og viðurlög við þeim liggja fyrir en hafa ekki verið endurskoðaðar síðan *Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* tók gildi. Í flestum bekkjardeildum eru hins vegar bekkjarreglur sem nemendur og umsjónarkennari hafa komið sér saman um og sett á plaköt.

Ákveðnar verklagsreglur eru um einelti og forvarnaráætlun liggur fyrir. Að mati viðmælenda er þessum reglum fylgt eftir þegar upp koma slík mál en þó kemur fram í foreldrakönnun Skólápúls 2015–2016 að foreldrum finnst ekki nægur hraði á úrvinnslu slíkra mála þegar miðað er við landsmeðaltal.

Í skýrslu um innra mat skólans á liðnu ári, sem er á heimasíðu, er rætt um þær kannanir og skimanir sem skólinn nýtir til að finna þá nemendur sem þurfa námsaðstoð. Ekki er til sérstök áætlun um sérkennslu og stuðning fyrir líðandi ár en slík aðstoð er til staðar og því sinna þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar auk almennra kennara undir leiðsögn deildarstjóra.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku liggur fyrir en ekki móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

### Styrkleikar

- Skráð er hvaða kannanir og skimanir eru nýttar til að finna þá nemendur sem þurfa sértæka aðstoð í námi.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur og nemendur með annað tungumál en íslensku, liggja fyrir.

### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólareglur í samvinnu við alla hagsmunaaðila, m.t.t. reglugerðar frá árinu 2011.
- Hafa almennar skólareglur sýnilegar í skólanum.
- Vinna árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.
- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.

## Samskipti heimila og skóla

### Skólaráð, foreldrafélag

Skólastóri vinnur með skólaráði sem er samráðsaðili í stjórnun skólans og fær helstu málefni varðandi stefnumótun skólans til umræðu á fundum. Fundir skólaráðs eru ekki boðaðir með dagskrá en fundargerðir skráðar og aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þegar farið er yfir fundargerðir líðandi árs sjást umfjöllunarefni skólaráðs og snúa þau að helstu viðburðum í skólanum, kynningu á niðurstöðum úr innra mati, starfsmannahaldi og stefnumörkun svo eitthvað sé nefnt. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur en fundar að jafnaði einu sinni eða tvisvar á önn.

Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi og til tveggja ára samkvæmt reglugerð, nema nemendur. Þeir koma úr stjórn nemendafélags, formaður og varaformaður, og eru því ekki valdir lýðræðislega af nemendum skólans og til tveggja ára. Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu þar sem í því situr formaður félagsins.

Fundaraðstaða er fyrir foreldra til að hittast í skólanum en þeir hafa undanfarið kosið að funda á öðrum stöðum. Að jafnaði mæta skólastjórnendur á aðalfund félagsins og að öðru leyti eftir óskum stjórnar félagsins. Félagið stendur fyrir ýmsum fræðslufundum, sjá um jólaföndur, halda bingó o.fl. auk þess að styrkja nemendur í vorferð.

### Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans.
- Ýmis mál sem snúa að nemendum, starfsmannahaldi, húsnæði skólans, skólanámskrá, innra mati o.fl. eru rædd á fundum ráðsins.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu.

### Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára eins og reglugerð kveður á um.
- Við endurskoðun skólareglna verði þær unnar í samvinnu við skólaráð.
- Að skólaráð setji sér starfsáætlun/vinnureglur fyrir hvert ár.
- Boða fundi ráðsins með dagskrá.

### ***Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun***

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans, meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim á námskynningum að hausti.

Foreldrum er boðið að mæta á ýmsa viðburði í skólanum svo sem opin hús, danssýningar, árshátíð o.fl. að ógleymdum skólasetningum og skólaslitum.

Í gegnum Mentor eru sendar reglubundnar upplýsingar til foreldra um stöðu náms og aðra þætti í skólastarfinu en það kom fram í viðtölum að samræma þyrfti þessa upplýsingagjöf milli kennara. Nýlega var opnuð síða skólans á Facebook og lofar hún góðu að mati viðmælenda. Auk þess eru ýmsir foreldrahópar með sérstaka síðu með sínum árgangi og m.a. er sérstakur pólskur hópur því margir nemendur og foreldrar eru pólskir.

Foreldrar taka þátt í könnunum í gegnum Skólapúls og þar eru líka opnar spurningar þar sem hægt er að koma með ábendingar og hugmyndir. Að öðru leyti er ekki sérstaklega leitað til foreldra til að fá þeirra tillögur og hugmyndir um það sem betur má fara í skólastarfi.

### **Styrkleikar**

- Á hverju hausti eru námskynningar þar sem námsmarkmið vetrar eru kynnt.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Með „opnum dögum“ er foreldrum gefinn kostur á að fylgjast með námi barna sinna.

### **Tækifæri til umbóta**

- Að kennarar samræmi upplýsingagjöf á Mentor.
- Auka fjölbreytni í því að fá hugmyndir og tillögur frá foreldrum um það sem betur má fara í skólastarfi, t.d. með skólaþingum eða spjallfundum.

## Svið II – Nám og kennsla

Í Grunnskólanum Hellu starfa nemendur og starfsfólk undir einkunnarorðunum Vinátta – virðing – víðsýni og meðal leiðarljósa í stefnu skólans er að skapa hvetjandi og uppörvandi námsumhverfi, þar sem nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstætt eða með öðrum.

Skólastefna sveitarfélagsins er rammi um skólastarf hvers skóla, hún tekur mið af grunnþáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Í kafla um nemandann og námið er m.a. lögð áhersla á læsi og að námið byggist upp af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu og tjáningu og að nemendur þjálfist í samvinnu.

### Nám og námsaðstæður

#### *Inntak og árangur*

Í skólanámskrá kemur fram að meginstefnan sé að allir nemendur eigi rétt á kennslu og umönnun við hæfi og í jafnréttis- og mannréttindaáætlun skólans segir að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf. Starfið byggir á lýðræðislegum gildum og eru mannréttindi og jafnræði höfð að leiðarljósi segir þar einnig. Nám og kennsla er þannig í anda skóla án aðgreiningar þó það hugtak komi ekki fram og er það staðfest í rýnihópi kennara.

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólans og uppfyllir að mestu þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Skólanámskrá er endurskoðuð árlega að sögn stjórnenda. Námsvísar/námsáætlanir eru birtir fyrir allar námsgreinar en nemendur og foreldrar sem rætt var við í rýnihópum virðast ekki nýta sér upplýsingar sem þar koma fram.

Árangur nemenda í 4. og 7. bekk í samræmdum könnunarprófum hefur dalað nokkuð sl. 5 ár og er undir landsmeðaltali árið 2016. Sérstaklega hefur árangur í stærðfræði í 4. bekk dalað verulega milli ára. Í 10. bekk hefur árangur aukist sl. 2 ár í íslensku en heldur dalað í stærðfræði. Fylgst er með árangri nemenda og unnið úr niðurstöðum námsmats með það að markmiði að efla árangur einstakra nemenda.

Að mati viðmælenda er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda innan skóla og utan.

#### Styrkleikar

- Skólastarfið byggir á lýðræðislegum gildum og eru mannréttindi og jafnræði höfð að leiðarljósi.
- Almennur hluti skólanámskrár uppfyllir að mestu þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla.
- Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri nemenda innan skóla og utan.

#### Tækifæri til umbóta

- Í stefnu skólans þarf að koma skýrt fram að skólinn sé án aðgreiningar.
- Kynna námsáætlanir betur fyrir nemendum og foreldrum þannig að þeir geti fylgst með framvindu námsins.
- Leita þarf allra leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.

#### *Skipulag náms og námsumhverfi*

Námsáætlanir fyrir alla árganga og námsgreinar eru birtar á heimasíðu. Þar koma fram upplýsingar um kennsluhætti, námsgögn og form námsmats en ekki kemur fram hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar. Í sumum námsgreinum eru tilgreind markmið en oftast er vísað í hæfniviðmið í aðalnámskrá án þess að þau séu tilgreind í áætluninni sjálfri. Gerð er grein fyrir námsmati en ekki kemur fram hvernig það tengist hæfniviðmiðum.

Í kennsluáætlunum kemur fram hvað farið verður yfir í hverri viku og sums staðar einnig gerð grein fyrir heimavinnu nemenda. Í stöku áætlun er gerð grein fyrir hæfniviðmiðum sem stefnt er að og einnig kemur skýrt fram í lestrarstefnu hvaða hæfniviðmið eru lögð til grundvallar.

Reglulegt samstarf er milli leikskólans og Grunnskólans á Hellu, það felst m.a. í mánaðarlegum heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann og vorskóla fyrir þau. Í skólastefnu byggðasamlagsins Odda sem gildir fyrir leik- og grunnskólana kemur fram að undirbúningur fyrir lestrarnám hefjist í leikskóla og markviss samvinna sé milli skólastiga hvað það varðar. Ekki er gerð grein fyrir samvinnu við framhaldsskóla í skólanámskrá.

Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms. Útikennsla/útvíst er á stundaskrá nemenda í 1.–7. bekk tvær stundir á viku og sem bundið val hjá nemendum á unglíngastigi. Skólinn hefur komið upp sérstöku útikennslusvæði og er markmiðið að börn upplifi náttúruna á sem raunverulegastan hátt og læri að þekkja hana, skilja og skynja eins og fram kemur í námsáætlun.

Nemendasamtöl eru ekki fastur liður í skólastarfinu en litlir námshópar tryggja að sínu leyti mikil tengsl nemenda og kennara.

Heimanám hjá yngstu nemendum er fyrst og fremst lestur og nemendur fá vikuáætlun og ljúka heima því sem ekki er lokið í skólanum. Að mati foreldra veitist heimanám einstaklingum miserfitt, sum þurfa mikla aðstoð og einnig er erfitt, ef börnin eru mörg, að aðstoða þau öll.

Valgreinar nemenda á unglíngastigi eru í 6 stundir á viku og þar af tveir tímar bundið val. Boðið er upp á fjölbreytta valáfanga sem flestir tengjast listum og verkgreinum. Valið nær ekki að fullu þeim viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla um tímafjölda.

### Styrkleikar

- Námsáætlanir fyrir alla árganga og námsgreinar eru birtar á heimasíðu.
- Í lestrarstefnu kemur skýrt fram hvaða hæfniviðmið eru lögð til grundvallar.
- Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms.
- Útikennsla er fastur liður á stundaskrá nemenda.

### Tækifæri til umbóta

- Í námsáætlunum komi fram hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar.
- Koma á reglulegum nemendasamtölum.
- Skýra þarf hvernig námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum námsgreina.
- Leita leiða til að auka val nemenda.

### ***Kennsluhættir og gæði kennslu***

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og voru 82% stunda metnar góðar eða frábærar. Stundirnar voru vel undirbúnar og vel skipulagðar og tími vel nýttur. Í um 40% stunda sem heimsóttar voru unnu nemendur saman að verkefnum en aðeins í 14% þeirra stunda sem heimsóttar voru notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu.

Kennarar segjast viðhafa fjölbreytta kennsluhætti og telja að einstaklingsmiðun sé mikil í fámennum bekkjardeildum. Í mörgum árgöngum er einnig stuðningsfulltrúi þannig að auðvelt er að komast yfir að aðstoða nemendur við námið. Bæjarhellan er árlegt samfélagsverkefni þar sem nemendur vinna ásamt starfsmönnum að ýmis konar framleiðslu sem síðan er boðin til sölu á markaðsdegi. Nemendur skipa bæjarráð sem skipuleggur hátíðina. Mikið samstarf er við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu í verkefninu.

Grunnskólinn á Hellu er Skóli á grænni grein og hefur flaggað grænfánanum fjórum sinnum. Útikennsla og umhverfisvernd eru þættir í verkefninu. Einnig hefur skólinn unnið að vistheimtarverkefni ásamt Landvernd og Landgræðslunni og fékk árið 2015 Landgræðsluverðlaunin fyrir.

Fræðandi kennsluhættir sáust í 77% stunda og í flestum stundum voru nemendur að fást við sama verkefni á sama tíma. Sjaldnar voru nemendur að fást við verkefni sem reyndu á lausnaleit og rökhugsun þeirra. Að sögn nemenda í rýnihópi er „oftast annaðhvort unnið í bókum og kennarar aðstoða eða hann útskýrir uppi á töflu, stundum er hópavinna“. Sérstaklega þarf að gæta þess í árgangablöndun að verkefni séu hæfilega krefjandi fyrir báða aldurshópa. Að mati nemenda í rýnihópi er námið stundum krefjandi „bara misjafnt“ segja þau.

Viðfangsefni stundarinnar var í öllum tilvikum vel kynnt en markmið sjaldnar tilgreind, þ.e. hverju nemendur eiga að hafa náð tökum á í lok stundarinnar. Endurgjöf í þeim stundum sem heimsóttar voru fólst oftast í því að kennari gekk á milli nemenda og aðstoðaði og leiðbeindi þeim um lausn verkefna. Umræður og skoðanaskipti og áhersla á gagnrýna hugsun virðast ekki vera stór hluti af námi og kennslu miðað við vettvangsathuganir.

Í þeim námsáætlunum sem liggja fyrir er nokkuð ítarlega fjallað um kennsluhætti en námsmati ekki ítarlega lýst, aðeins kemur fram að mat byggist á prófum og mati á verkefnum nemenda.

List- og verkgreinar eru á stundaskrá nemenda í 1.–7. bekk fjóra til sex tíma á viku og þessar greinar eru stór hluti valgreina á unglingsstigi. Nemendur í 1. og 2. bekk hafa ekki textíl eða smíði á stundaskrá.

### Styrkleikar

- Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum.
- Einstaklingsmiðun er mikil í fámennum bekkjardeildum.

### Tækifæri til umbóta

- Nemendur fáist í auknum mæli við verkefni sem reyna á lausnaleit og rökhugsun.
- Auka nýtingu upplýsingatækni í námi nemenda.
- Tilgreina markmið náms í upphafi stunda þannig að nemendur viti hvaða þekkingu eða færni þeir eiga að tileinka sér hverju sinni.
- Gæta þess í árgangablöndun að verkefni séu hæfilega krefjandi fyrir báða aldurshópa.
- Auka þátt markvissra umræðna og skoðanaskipta í námi og leggja áherslu á gagnrýna hugsun nemenda.

### Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt miðað við það sem fram kemur í vettvangsathugunum. Lítið er þó um val nemenda, um viðfangsefni eða leiðir í námi heldur eru nemendur oftast að vinna sama verkefni á sama tíma. Sjálfsmati nemenda eða jafningjamati er sjaldan beitt við mat á námi. Val er ekki á stundaskrá nemenda utan valgreinar í unglingsdeild.

Nemendur nýttu sér upplýsingatækni í námi sínu í 14% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru. Ef við þurfum tölvu þá náum við í hana eða förum á bókasafn, segja nemendur í rýnihópi. Tölvueign skólans er ein tölva á um 4.5 nemendur að sögn skólustjóra. Skólinn á einnig spjaldtölvur sem notaðar eru í upplýsingamennt.

Í rýnihópi nefna nemendur íþróttir sem skemmtilega námsgrein. Erfiðast nefna þau dönsku og stærðfræði. Nemendum í rýnihópi finnst sumum best að læra í hópi, sérstaklega ef þeir fá að ráða með hverjum þeir vinna en öðrum finnst best að einbeita sér með heyrnarhlífar.

## Styrkleikar

- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og þekkja styrkleika sína.

## Tækifæri til umbóta

- Gefa nemendum tækifæri til að vinna verkefni á áhugasviði sínu.
- Auka val nemenda um viðfangsefni eða leiðir í námi.
- Þjálfarar nemendur í að ígrunda eigið nám með sjálfsmati.

## Þátttaka og ábyrgð nemenda

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur í unglíngadeild kjósa fulltrúa sína í stjórn nemendafélags. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við umsjónarkennara ráðsins og skólustjóra. Eldri deild skólans er í samstarfi við nemendafélög Laugalandsskóla og Hvolsskóla um félagsstarf. Hver þessara þriggja skóla heldur eina sameiginlega hátíð á hverjum vetri þ.e. íþróttahátíð, ræðukeppni og árshátíð. Auk þess halda skólarnir sameiginlegt haustball. Nemendafélagið heldur úti útvarpsstöð í desember og árlega er gefið út skólablaðið Ýmir og er það unnið í samstarfi við nemendur sem hafa fjölmiðlun sem valgrein.

Nemendur í unglíngadeild í rýnihópi eru ánægðir með störf nemendaráðs og félagslífið og finnst mikið gert en nemendur á miðstigi telja að þau geti lítil áhrif haft á nemendaráðið. Nemendur á miðstigi eru ekki með í félagsstarfi í skólanum nema í 7. bekk sem er boðið að taka þátt í árshátíð og lokaballi. Að mati foreldra er nemendum mismunað eftir búsetu þar sem ekki er boðið upp á akstur í tengslum við félagsstarf í skólanum eða þátttöku í íþróttum eftir skóla.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru þeir boðaðir á fundi. Þeir eru virkir þátttakendur og geta komið með málefni nemendafélagsins á fundina. Ekki kemur fram að nemendur fái kennslu eða þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Formlegir bekkjarfundir eru ekki á stundaskrá en lífsleiknitímar eru að sögn notaðir til að ræða mál sem koma upp. Ekki er til skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda en þeir sem voru í rýnihópi telja að þeir gætu haft áhrif á skólastarfið. Auðvelt aðgengi er að stjórnendum og samskipti eru jákvæð, þessi skóli er „betri en aðrir skólar sem ég hef verið í. Hér er komið fram við mig eins og manneskju“, segir nemandi.

## Styrkleikar

- Nemendur í unglíngadeild kjósa fulltrúa sína í stjórn nemendafélags.
- Félagslíf er fjölbreytt að mati nemenda í unglíngadeild.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru fullgildir þátttakendur þar.
- Nemendur í rýnihópi telja að þeir geti haft áhrif á skólastarfið.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð.

## Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda á miðstigi í félagsstarfi við hæfi.
- Koma á markvissum bekkjarfundum þar sem nemendum er m.a. kennt að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Gæta þess að nemendum sé ekki mismunað eftir búsetu hvað varðar þátttöku í félagsstarfi.

### **Ábyrgð og þátttaka**

Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum að mati nemenda sem rætt var við, samt misjafnt eftir því hvaða tími er, segja þeir.

Markmið eru ekki sett fram í flestum námsáætlunum sem liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu og aðeins vísað í hæfniviðmið í aðalnámskrá. Í einstaka kennsluáætlun eru tilgreind þau hæfniviðmið sem unnið er að. Markmið eru heldur ekki tilgreind fyrir einstaka kennslustundir miðað við vettvangsheimsóknir. Að sögn nemenda er markmiðið að ljúka yfirferð sem tilgreind er í áætlun. Með því að tengja hæfniviðmið inn í áætlanir um yfirferð verður bæði foreldrum og nemendum ljóst að hverju er stefnt og hvaða hæfni nemendur eiga að tileinka sér í náminu. Nemendum er ekki kennt að setja sér markmið nema í starfsfræðslu í 10. bekk.

Nemendur fá sjaldan tækifæri til að meta eigin stöðu í námi. Að sögn foreldra í rýnihópi taka þeir ekki þátt í að meta stöðu nemenda í námi en fylgjast vel með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum.

### **Styrkleikar**

- Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum.
- Foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námsframvindu barna sinna.

### **Tækifæri til umbóta**

- Tilgreina markmið og hæfniviðmið í námsáætlunum og setja þau skýrt fram fyrir nemendur.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi.
- Þjálfar nemendur í að meta eigin árangur í námi.

## **Námsaðlögun**

### **Nám við hæfi allra nemenda**

Í stefnu skólans er lögð áhersla á að allir nemendur eigi rétt á kennslu og umönnun við hæfi. Að mati viðmælenda er komið til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi og allir nemendur taka þátt í námi og starfi á jafnréttisgrunni, „allir alltaf með í öllu“ segir í rýnihópi kennara. Skimanir og greiningar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem þurfa á aðstoð að halda en ekki kemur fram hvernig brugðist skuli við niðurstöðum.

Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendum af erlendum uppruna, segir í skólanámskrá og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi. Þeir fá kennslu í íslensku sem öðru máli í litlum hópum og pólskir og tælenskir nemendur njóta kennslu í móðumáli sínu.

Í þeim námsáætlunum sem fyrir liggja er ekki gerð grein fyrir hvernig fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt, né heldur hvernig áhuga og hæfileikum nemenda er mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum.

### **Stuðningur við nám**

Fjallað er um sérkennslu og stuðning við nám í skólanámskrá. Þar kemur fram að megináherslan er lögð á lestrarkennsluna en einnig er lögð mikil áhersla á stærðfræði svo og að efla sjálfstraust nemenda. Lagðar eru fyrir skimanir og kannanir til að finna nemendur sem þurfa á stuðningi að halda en ekki kemur fram hvernig brugðist er við niðurstöðum.



Stuðningur er veittur sem mest inni í bekk miðað við vettvangsathuganir og er veittur mikill stuðningur m.a. í lestri í yngri bekkjum. Ekki er fagmenntaður sérkennari við skólann á þessu skólaári en deildarstjóri hefur umsjón með veittri sérkennslu og vinnur þroskaþjálfu m.a. undir hans stjórn. Ekki liggur fyrir heildaráætlun um sérkennsluna. Bráðgerir nemendur fá að halda sínum hraða og fá viðbótarnámsefni að sögn kennara og nemendur í 10. bekk hafa tekið áfanga á framhaldsskólastigi.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa, þær eru ítarlegar og taka til allra námsgreina. Sett eru langtíma- og skammtímamarkmið og gerð er grein fyrir námsmati í hverri námsgrein, fram kemur að einstaklingsnámskrá er endurskoðuð við annarlök. Námskrárnar eru kynntar foreldrum og þeir undirrita þær, þátttaka þeirra í námskrárgerðinni virðist að öðru leyti takmörkuð og ekki kemur fram að nemendur taki þátt í markmiðasetningu. Á teymisfundum með foreldrum er farið yfir stöðu nemenda og teknar ákvarðanir um áherslur og markmið.

### Styrkleikar

- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu og unnið er í anda skóla án aðgreiningar.
- Stuðningur er veittur sem mest inni í bekk og veittur mikill stuðningur í lestri í yngri bekkjum.
- Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendum af erlendum uppruna og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa, þær eru ítarlegar og taka til allra námsgreina.
- Pólskir og tælenskir nemendur njóta kennslu í móðumáli sínu.

### Tækifæri til umbóta

- Auka enn frekar fjölbreytni í verkefnum og koma þannig til móts við áhuga og hæfileika nemenda.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og greininga.
- Gera heildaráætlun um sérkennslu við skólann.
- Leita leiða til að fá fagmenntaða sérkennara til starfa.
- Auka þátttöku foreldra og nemenda í að setja einstaklingsbundin markmið í námi.

## Svið III – Innra mat

### Framkvæmd innra mats

#### ***Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi***

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Í opinberum gögnum skólans kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd matsins. Innra matið nær til allra helstu þátta í skólastarfinu.

Langtímaáætlun um innra mat skólans er fyrir hendi, nú er að ljúka þriggja ára áætlun og drög að áætlun fyrir næstu fjögur ár er þegar til umfjöllunar. Í þeirri langtímaáætlun eru helstu leiðir sem farnar eru í innra mati en ekki er hægt að sjá hvort þær endurspegli að helstu þættir skólanámskrár séu metnir.

Áætlun um innra mat fyrir líðandi skólaár liggur fyrir. Þar er þess getið að skólustjóri og verkefnisstjóri innra mats beri ábyrgð á matinu en ekki hver er ábyrðaraðili/framkvæmdaaðili hvers þáttar. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

#### ***Innra mat er markmiðsbundið***

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur veri náð. Í fylgiskjali I með Sjálfsmatsskýrslu 2015–2016 má sjá að flestir þættir skólanámskrár hafa verið metnir á einhvern hátt og um þá fjallað í SVÓT greiningum starfsmanna. Þar eru þó undanskilin ytri tengsl t.d. við önnur skólastig og nærsamfélagið svo og hvernig metin er sérstaða skólans eins og umhverfismennt/útikennsla/Grænánavefni. Sama gildir um skólareglur.

Leiðir að markmiðum s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati. Í fæstum tilfellum eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að nema að miða við landsmeðaltal í Skólaláti. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

#### ***Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum***

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að afla gagna. Þar má nefna Skólaláti fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn, starfsþróunarsamtöl og ekki síst SVÓT-greiningar sem starfsmenn gera reglulega varðandi ýmsa þætti skólastarfs í kjölfar niðurstaðna kannana. Þá sér deildarstjóri/verkefnastjóri innra mats um að öllum þáttum sem snúa að innra mati og ræddir eru á stigsfundum sé haldið saman.

Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Þá nýtir skólinn niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum könnunarprófum í sitt innra mat.

#### ***Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum***

Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur, forgangsröðun og framkvæmd á innra mati, bæði í gegnum innramatsteymi sem það á fulltrúa í svo og með umræðum á starfsmannafundum. Skólaráði eru kynntar áætlanir um innra mat skólans en foreldrar og nemendur hafa ekki aðra aðkomu að því að ákveða áherslur og forgangsröðun.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal starfsfólks um þróun og umbætur. Niðurstöður eru einnig kynntar í skólaráði og birtar á heimasíðu en að öðru leyti er ekki um formlega kynningu að ræða t.d. hjá nemendum og foreldrum.

### Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir.
- Áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs liggur fyrir.
- Mat á námi og framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati.

- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum prófum, í sitt innra mat.
- Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun, skipulag og framkvæmd innra mats.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.

### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að langtímaáætlun endurspegli að allir helstu þættir skólanámskrár séu metnir.
- Gera áætlun um að mat á kennslu og fagmennsku kennara fari fram reglulega svo sem með jafningjamati eða mati skólastjórnenda.
- Skilgreina í innra mats áætlun yfirstandandi árs ábyrgðaraðila og viðmið þar sem það á við.
- Skipa í matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa þ.m.t. foreldrar og nemendur.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum þ.m.t. foreldrum og nemendum.

### Umbótastarf í kjölfar innra mats

#### *Innra mat er opinbert*

Hagsmunaaðilar geta nálgast greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur á heimasíðu skólans. Greinargerðin er skýrt fram sett, þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra mat. Umbótaáætlun er hluti af greinargerð um innra mat liðins árs en skýrara væri að hafa hana sem sérstaka áætlun.

#### *Innra mat er umbótamiðað*

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Hún er gerð þegar SVÓT greining starfsmanna hefur farið fram og síðan borin undir skólaráð.

Í henni eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst t.d. út frá landsmeðaltali í Skólapúlси. Jafnframt kom fram í viðtölum að umbótum er kerfisbundið fylgt eftir, reglulega er umbótaáætlun rædd á starfsmannafundum og farið yfir hvernig gengur að framkvæma umbætur.

Starfsfólk og foreldrar gátu á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, með ábyrgðaraðilum, með viðmiðum þar sem það á við og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbóta.

### Styrkleikar

- Greinargerðir um innramaterubirtar á heimasíðu skólans og þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.
- Umbótaáætlun er birt í skýrslu um innra mat liðins árs og er öllum hagsmunaaðilum aðgengileg.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Starfsfólk og foreldrar geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

### Tækifæri til umbóta

- Setja fram umbótaáætlun í sérstöku riti, hún tímasett, með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og hvenær meta á árangur aðgerð.

## Svið IV – Skólabragur

### Stefna og viðhorf

Jákvæð samskipti einkenna skólastarfið miðað við það sem kemur fram í vettvangsheimsókn matsmanna. Skólastjórnendur leggja sig fram um að hafa góðan skólabrag, segir í rýnihópi, aðgengi að þeim er gott og þeir eru boðnir og búnir að aðstoða. Viðhorf skólasamfélagsins eru almennt jákvæð og vel tekið undir þegar skólinn leitar til stofnana og fyrirtækja m.a. vegna verkefnisins Bæjarhellunnar.

Í skólastefnu sveitarfélagsins segir að meginmarkmið allra starfsmanna skóla sveitarfélaganna sé að nemendum líði vel í skólunum, þeir gangi glaðir til náms og leiks og eflist að vísu og dáð.

Í stefnu skólans, leiðarljósum, kemur fram sterk áhersla á jákvætt andrúmsloft og góða líðan nemenda og að nemendur öðlist sjálfstraust og jákvæða lífssýn. Einnig að þeir öðlist færni í mannlegum samskiptum svo sem tillitssemi, umburðarlyndi og sýni gagnkvæma virðingu. Kennarar í rýnihópi, segja góðan starfsanda og gaman í vinnunni, mikið hrós og mikla jákvæðni.

Ekki kemur fram í skólanámskrá hvaða leiðir eru notaðar til að innleiða og viðhalda góðum skólabrag. Lífsleikni er á stundaskrá nemenda og þar er m.a. lögð áhersla á samskipti og jákvæða sjálfsmynd nemenda.

### Styrkleikar

- Í stefnu sveitarfélagsins og í stefnu skólans kemur fram áhersla á jákvætt andrúmsloft og góða líðan nemenda.
- Gott aðgengi er að skólastjórnendum og þeir leggja sig fram um að hafa góðan skólabrag.
- Viðhorf skólasamfélagsins eru almennt jákvæð gagnvart skólanum.

### Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá komi skýrt fram hvaða leiðir eru notaðar til að innleiða og viðhalda góðum skólabrag.

### Líðan nemenda

Í könnun í Skólapulsinum frá vorönn 2016 mælist líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn svipuð og að landsmeðaltali en einstaka árgangar skera sig úr og þar mælast þessir þættir áberandi lægri. Foreldrar í rýnihópi nefna að það þurfi að hjálpa nemendum í jákvæðni og samstöðu.

Í rýnihópi nemenda kemur fram að þeim líður vel í skólanum og þeir eru ánægðir með félagslífið, „góður andi og góður mórall“ og sérstaklega nefna þau Bæjarhelluna sem skemmtilegt verkefni. Lífsleiknitímar eru nýttir til að ræða samskipti og að sögn kennara er lögð mikil áhersla á að allir njóti sama réttar óháð uppruna, nemendur í rýnihópi staðfesta þetta.

Verkferlar um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi liggja ekki fyrir við matið.

### Styrkleikar

- Nemendum líður almennt vel í skólanum, það er „góður andi og góður mórall“.
- Mikil áhersla er lögð á að allir njóti sama réttar óháð uppruna.

### Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að bæta samskipti og líðan í einstökum árgöngum.
- Gera verkferla um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.

### Nemendalýðræði

Í skólanum er mikið lagt upp úr góðum skólabrag og góðri líðan nemenda. Misjafnt er þó hvort kennarar mæta nemendum á jafnréttisgrundvelli að sögn nemenda í rýnihópi. Nemendur eru ekki beinlínis þjálfaðir í að koma skoðunum sínum á framfæri en þeir vita hvert þeir geta snúið sér til þess, enda skólinn lítill og boðleiðir stuttar. Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir í námi og setja sér ekki markmið.

Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags/nemendaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu. Nemendaráð mótar félagslíf vetrarins í samráði við umsjónarkennara ráðsins og skólastjóra en ekki er skipulagt félagslíf fyrir miðstigið. Fulltrúar nemenda eru virkir þátttakendur í skólaráði. Eldri nemendur í rýnihópi þekkja hugtakið lýðræði og telja að í skólanum ríki lýðræði og jafnrétti.

Skólinn er einn af *Skólum á grænni grein* og hefur flaggað grænfánanum fjórum sinnum síðan árið 2008. Á hverju ári er kosin umhverfisnefnd sem er skipuð nemendum úr öllum bekkjardeildum. Umhverfisnefnd setur sér markmið sem hafa m.a. verið að efla umhverfisvitund nemenda.

Nemendasamtöl þar sem kennari og nemandi ræða stöðu nemandans og líðan eru ekki hluti af reglulegu samstarfi þeirra.

### Styrkleikar

- Fulltrúar nemenda í stjórn nemendafélags/nemendaráðs eru kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Eldri nemendur í rýnihópi telja að í skólanum ríki lýðræði og jafnrétti.
- Skólinn er Grænfánaskóli og umhverfisnefnd er skipuð nemendum úr öllum bekkjardeildum.

### Tækifæri til umbóta

- Þjálfar nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendafélag nái einnig til nemenda á miðstigi og félagsstarfs fyrir þá.
- Koma á reglulegum nemendasamtölum.

### Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því þegar einelti kemur upp. Í áætluninni kemur fram áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir. Árlega er lögð fyrir könnun Skólapúlsins á líðan nemenda þar sem m.a. er spurt um einelti. Í könnun frá vorönn 2016 mælist einelti ívið hærra en að landsmeðaltali þeirra skóla sem taka þátt í Skólapúlsi. Allir nemendur skrifa undir „eineltisský“, þar sem þau staðfesta að einelti sé ekki liðið í skólanum. Veggspjaldið hangir uppi á áberandi stað og var vígt árið 2013.

Skólareglur eru ítarlegar, þær eru settar fram undir fyrirsögnunum *almenn ákvæði, skólasókn, ástundun, kurteis og sjálfsagi og umgengni og ábyrgð*. Í hverjum kafla eru jafnframt sett fram heilræði og úrræði þar sem m.a. koma fram viðurlög við brotum á reglunum. Reglurnar hafa ekki verið endurskoðaðar í ljósi gildandi reglugerðar. Bekkjarreglur eru samdar í flestum bekkjardeildum og eru sýnilegar í skólastofum.

Ítarleg jafnréttis- og mannréttindaáætlun er birt á heimasíðu skólans, meðal markmiða er að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir öllum nemendum og ólíkum skoðunum þeirra.

### Styrkleikar

- Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því þegar einelti kemur upp.
- Allir nemendur skrifa undir „eineltisský“, þar sem þau staðfesta að einelti sé ekki liðið í skólanum.
- Í jafnréttis- og mannréttindaáætlun er meðal markmiða að gæta jafnréttis í starfi skólans.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna áfram markvisst að því að uppræta einelti.
- Endurskoða skólareglur í ljósi gildandi reglugerðar.

### Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Grunnskólanum Hellu fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Sérstaða skólans er m.a. mikil umhverfismennt og umhverfisvernd, bæði sem útikennsla í öllum árgöngum, með þátttöku í Skólar á grænni grein og samstarf við Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu örfoka lands.

### Styrkleikar í stjórnun

Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans sem birtist á heimasíðu. Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. Almennast einkennast samskipti af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Formlegir fundir eru í viku hverri, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og auka þannig sífellt gæði náms og kennslu.

Skólanámskráin uppfyllir að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um, hún er endurskoðuð reglulega með aðkomu starfsfólks og samráð haft við skólaráð. Skólanámskráin endurspeglar áherslur skólans og skólastefnu sveitarfélagsins.

Skólaráð er virkur samráðsaðili í stefnumörkun skólans. Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólustarfinu og með „opnum dögum“ er foreldrum gefinn kostur á að fylgjast með námi barna sinna.

### Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Gera grein fyrir gildi einkunnarorða skólans í skólanámskrá og gera þau sýnilegri í kennslustofum.
- Skrá hvernig grunnþættir menntunar, svo sem lýðræði, fléttast í allt starf skólans.
- Vinna að heildstæðri starfsáætlun sem síðan er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.
- Skrá reglur um upplýsingagjöf sem varðar nemendur og verklagsreglur um skjalastjórnun.
- Gera árlega tímasetta símenntunaráætlun þar sem koma fram áherslur skólans, ábyrgðaraðilar hvers þáttar og fyrir hverja fræðslan er.
- Auka vægi valgreina á unglingsstigi sbr. aðalnámskrá grunnskóla.
- Endurskoða skólareglur í samvinnu við alla hagsmunaaðila, m.t.t. reglugerðar frá árinu 2011 og hafa almennar skólareglur sýnilegar í skólanum.
- Vinna árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.
- Kjósa nemendur í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára eins og reglugerð kveður á um.
- Að skólaráð setji sér starfsáætlun/vinnureglur fyrir hvert ár.

## Styrkleikar í námi og kennslu

Skólastarfið byggir á lýðræðislegum gildum og mannréttindi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi. Almennur hluti skólanámskrár uppfyllir að mestu þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla. Námsáætlanir fyrir alla árganga og námsgreinar eru birtar á heimasíðu.

Umhverfi er almennt hvetjandi til náms og útikennsla er fastur liður á stundaskrá nemenda. Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og einstaklingsmiðun er mikil í fámennum bekkjardeildum. Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og þekkja styrkleika sína.

Félagslíf er fjölbreytt að mati nemenda í unglingadeild. Bæjarhellan er árlegt samfélagsverkefni þar sem nemendur vinna ásamt starfsmönnum að ýmiss konar framleiðslu og mikið samstarf er við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu í verkefninu. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru fullgildir þátttakendur þar.

Samskipti í skólanum eru jákvæð. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er yfirleitt góður í kennslustundum. Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendum af erlendum uppruna og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi og pólskir og tælenskir nemendur njóta kennslu í móðurmáli sínu. Stuðningur er veittur sem mest inni í bekk og veittur mikill stuðningur í lestri í yngri bekkjum. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa, þær eru ítarlegar og taka til allra námsgreina.

## Tækifæri til umbóta

- Í stefnu skólans þarf að koma skýrt fram að skólinn sé án aðgreiningar.
- Leita þarf allra leiða til að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum.
- Í námsáætlunum komi fram hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar.
- Skýra þarf hvernig námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum námsgreina.
- Nemendur fáist í auknum mæli við verkefni sem reyna á lausnaleit og rökhugsun.
- Auka nýtingu upplýsingatækni í námi nemenda.
- Auka þátt markvissra umræðna og skoðanaskipta í námi og leggja áherslu á gagnrýna hugsun nemenda.
- Þjálfar nemendur í að ígrunda eigið nám með sjálfsmati.
- Auka þátttöku nemenda á miðstigi í félagsstarfi við hæfi.
- Leita leiða til að fá fagmenntaða sérkennara til starfa.

## Styrkleikar í innra mati

Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir svo og áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna og við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila. Umbótaáætlun er birt í skýrslu um innra mat liðins árs og er öllum hagsmunaaðilum aðgengileg, hún er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun, skipulag og framkvæmd innra mats og Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum prófum í sitt innra mat. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

### Tækifæri til umbóta í innra mati

- Huga að því að langtímaáætlun endurspegli að allir helstu þættir skólanámskrár séu metnir.
- Gera áætlun um að mat á kennslu og fagmennsku kennara fari fram reglulega svo sem með jafningjamati eða mati skólastjórnenda.
- Skilgreina viðmið skólans fyrir hvert markmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Skipa í matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa þ.m.t. foreldrar og nemendur.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum þ.m.t. foreldrum og nemendum.
- Setja fram umbótaáætlun í sérstöku riti, hún tímasett, með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og hvenær meta á árangur aðgerða.

### Styrkleikar í skólabrag

Í stefnu sveitarfélagsins og í stefnu skólans kemur fram áhersla á jákvætt andrúmsloft og góða líðan nemenda. Nemendum líður almennt vel í skólanum það er „góður andi og góður mórall“. Gott aðgengi er að skólastjórnendum og þeir leggja sig fram um að hafa góðan skólabrag og viðhorf skólasamfélagsins eru almennt jákvæð gagnvart skólanum.

Skólinn er Grænfánaskóli og umhverfisnefnd er skipuð nemendum úr öllum bekkjardeildum. Í jafnréttis- og mannréttindaáætlun er meðal markmiða að gæta jafnréttis í starfi skólans.

Skólinn hefur mótað áætlun um einelti og verklag um viðbrögð við því þegar einelti kemur upp og allir nemendur skrifa undir „eineltisský“, þar sem þau staðfesta að einelti sé ekki liðið í skólanum.

### Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá komi skýrt fram hvaða leiðir eru notaðar til innleiða og viðhalda góðum skólabrag.
- Leita þarf leiða til að bæta samskipti og líðan í einstökum árgöngum.
- Gera verkferla um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.
- Nemendafélag nái einnig til nemenda á miðstigi og skipulagt félagsstarf sé fyrir þá.
- Koma á reglulegum nemendasamtölum.
- Vinna áfram markvisst að því að uppræta einelti.



## Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

### Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 22 kennslustundir sem flestar voru metnar góðar. Nokkrar voru metna þannig að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta, fjórar kennslustundir voru metnar frábærar og engin þótti óviðunandi.

### Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 59% af þeim kennslustundum sem metnar voru.

### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í þremur kennslustundanna sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í þremur af þessum stundum.

### Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvorutveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallaðar eru bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir og eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.


### Fræðari-bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

### **Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja**


Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda meðskipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



*Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.*

Í 77% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

**Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara**

Mynd 3. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.



## Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla*: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Aðalnámskrá grunnskóla*: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir matsveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Grunnskólinn Hellu: <http://www.grhella.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólaskólafélagið 2007–2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólalæknafélag Íslands.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. *Sjálfsmat skóla*. Slóðin er: [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjal fsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjal fsm_skola_97.pdf)

Rangárþing ytra: <http://www.ry.is>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað: [http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?\\_stern\\_SearchType=Reglugerd&\\_stern\\_number=1000&\\_stern\\_year=2004](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1000&_stern_year=2004)

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum: [http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?\\_stern\\_SearchType=Reglugerd&\\_stern\\_number=1009&\\_stern\\_year=2015](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1009&_stern_year=2015)

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Skólafélag Odda bs.: [https://www.ry.is/files/Sk%C3%B3lastefna%202015-2017\\_lokager%C3%B0.pdf](https://www.ry.is/files/Sk%C3%B3lastefna%202015-2017_lokager%C3%B0.pdf)

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

